
Minnisblað

Dagsetning: 20. september 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2001208/6.1.1

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi takmarkanir á opnunartíma kráa og skemmtistaða höfuðborgarsvæðinu eftir þ. 21. september 2020 vegna COVID-19.

Þann 17. september 2020 lagði ég til í minnisblaði að krám og skemmtistöðum á höfuðborgarsvæðinu yrðu lokað frá 18. september til og með 21. September. Ástæðan var að eftir 15. september 2020 greindist mikill fjöldi einstaklinga með COVID-19 þar sem smit mátti rekja til kráa og skemmtistaða í miðbæ Reykjavíkur. Fallist var á þessa tillögu.

Samhliða þessum ráðstöfunum var farið í aðgerðir þar sem brýnt var fyrir fólki að viðhafa einstaklingsbundnar sóttvarnir. Fólk var hvatt til að forðast mannmarga staði, mælt var með grímunotkun þar sem ekki var hægt að fylgja eins metra náandarreglunni eins og í almenningssamgöngum, á listviðburðum, og í framhalds- og háskólum. Einnig voru vinnustaðir og skólar hvattir til að bjóða upp á fjarvinnslu og fjarkennslu, og áhersla lögð á vernd viðkvæmra hópa.

Þar sem að ekki hefur tekist að ná að fullu utan um ofangreindan faraldur **þá tel ég brýnt að krár og skemmtistaðir verði áfram lokaðir til og með 27. september 2020.** Ég tel ekki ástæðu til að loka veitingahúsum og kaffistöðum þar sem að gestir sem þar eru, eru að jafnaði í ástandi sem leiðir til betri sóttvarna. Sömuleiðir er heildarfjöldi gesta á þessum stöðum minni sem minnkar líkur á smiti.